

Stjórnarfundur 277

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
30.08.2022	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 277
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:08	
Fundarmenn	Fjarverandi	
Geir Kristinn Aðalsteinsson, Þórhallur Jónsson, Hlynur Jóhannsson, Hilda Jana Gísladóttir, Sif Jóhannesar Ástudóttir, Eyþór Björnsson, Þórunn Sif Harðardóttir.		
Í fjarfundi		
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, Stefán H. Steindórsson, Kristín Kjartansdóttir, Erla Björg Guðmundsdóttir, Vigfús Ingi Hauksson, Helgi Jóhannesson,		

Aldursforseti stjórnar, Þórhallur Jónsson, setti fund og fól síðan nýkjörnum formanni, Hlyni Jóhannssyni, fundarstjórn.

1. **Stjórn skiptir með sér verkum**
2. **Starfsreglur stjórnar Norðurorku hf**
3. **Vistorka ehf**
4. **Fallorka ehf**
5. **Hreinsistöð fráveitu**
6. **Önnur mál**

1. **Stjórn skiptir með sér verkum**

Aldursforseti stjórnar Þórhallur Jónsson setti fyrsta fund stjórnar eftir aðalfund. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar er að skipta með sér verkum. Fram kom eftirfarandi tillaga um verkaskiptingu:

Formaður stjórnar: Hlynur Jóhannsson kt.: 300168-4859, Fornagili 11, 603 Akureyri

Varaformaður: Geir Kristinn Aðalsteinsson, 070275-5629, Tungusíðu 15, 603 Akureyri

Ritari: Hilda Jana Gísladóttir, 170876-3509, Grundargerði 8a, 600 Akureyri

Meðstjórnendur: Sif Jóhannesar Ástudóttir, 310572-3739, Vanabyggð 8d, 600 Akureyri og Þóhallur Jónsson, 240566-3549, Eikarlundi 25, 600 Akureyri

Verkaskipting stjórnar samþykkt.

2. **Starfsreglur stjórnar Norðurorku hf**

Stjórnar- og varastjórnarmönnum Norðurorku voru sendar starfsreglur stjórnar til yfirlstrar. Stjórnarmönnum ber að staðfesta starfsreglurnar með undirritun sinni. Fram kom athugasemd um að starfsreglurnar samræmdust ekki nútíma málfari og ritháttum varðandi kynjaðan texta.

Stjórn felur forstjóra að gera drög að breyttum texta starfsreglna í samræmi við umræður á fundinum. Starfsreglurnar verða lagðar fram með þeim breytingum til samþykktar á næsta stjórnarfundi 4. október nk.

3. **Vistorka ehf**

Aðalfundur Vistorku verður haldinn 30. ágúst kl. 15:00 og verður ný stjórn kosin á fundinum. Ákveða þarf hver verður fulltrúi stjórnar NO í stjórn Vistorku. Tillaga er að Þórhallur Jónsson stjórnarmaður NO verði aðalmaður og Hrönn Brynjarsdóttir starfsmaður NO varamaður.

Stjórn samþykkir tillöguna.

4. **Fallorka ehf**

Hluthafafundur Fallorku ehf verður haldinn 1. september kl. 15:00. Óskað var eftir því að skipaðir verði nýjir fulltrúar í stjórn Fallorku, í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum í maí síðastliðnum. Tillaga um stjórn Fallorku er eftirfarandi:

Aðalmenn:

Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson.

Hildur Brynjarsdóttir.

Thea Rut Jónsdóttir.

Varamenn:

Heimir Örn Árnason.

Lára Halldóra Eiríksdóttir.

Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Stjórn samþykkir tillöguna.

5. **Hreinsistöð fráveitu**

Ósk hefur borist frá meirihluta bæjarstjórnar að lóð hreinsistöðvarinnar sem nú er afgirt, verði opnuð og gerð aðgengileg fyrir almenning. Tekið verði til á lóðinni og hún gerð snyrtilegri.

Stjórn felur forstjóra að vinna tillögur að aðlögun athafnasvæðis hreinsistöðvar með tilliti til almennaréttar, starfseminnar, kostnaðar og öryggis, til að komast til móts við óskir Akureyrarbæjar.

6. **Önnur mál**

100 ára afmæli rafveitu á Akureyri Verkefnastjóri skrifstofu forstjóra rakti það hvað framundan er af tilefni 100 ára afmælis rafveitu á Akureyri. Kaffisamsæti verður fyrir fyrirverandi starfsfólk Rafveitu Akureyrar 7. september. Daginn eftir verður fundur með rafverktökum til að efla samtal og samstarf þeirra og NO. Laugardaginn 17. september verður haldinn viðburður í Hofi af þessu tilefni.

Til upplýsingar.

Fundarskjöl: